



Stjórn SSH 417. fundur

Mánudaginn 8. júní 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur L. Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, og Haraldur Sverrisson.

Fjarverandi: Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. „Allir í Strætó – erindi Sjálfsbjargar.

Fyrir fundinum lá erindi Sjálfsbjargar frá 14. júlí 2014, ásamt minnisblaði Strætó bs. frá 4. september 2014. Erindið var áður til umfjöllunar á 404. stjórnarfundum 11.08. 2014.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn telur einsýnt að ekki verði unnt að koma verkefninu í framkvæmd á þessu sumri. Stjórn SSH telur enn fremur að skoða þurfi betur tiltekna forsendur og kostnaðarþætti áður en hægt er að taka það til efnislegrar afgreiðslu.

2. Tilnefning í vinnumarkaðsráð

Fyrir lá erindi velferðarráðuneytisins með ósk um tilnefningu eins fulltrúa SSH í vinnumarkaðsráð og eins fulltrúa til vara.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að tilnefna Helgu Björgu Ragnarsdóttur, kt. 010173-3299 sem aðalman, og Ragnhildi Ísaksdóttur, kt. 020279-3979 sem varamann.

3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Á fundinn mættu Reynir Kristinsson frá NOR ehf. og Ágúst Þorbjörnsson frá Framsækni ehf.

Framkvæmdastjóri upplýsti um aðkomu þeirra að máli í kjölfar samþykktar á eigendafundi Strætó bs. hinn 18. maí sl.

RK fór yfir samanburð sinn á athugasemdum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og ákvæðum samnings sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá maí 2014.

ÁÐ fór síðan yfir fyrstu skoðun sína á kostnaðarþætti ferðaþjónustunnar og mismunandi leiðir til skiptingar á kostnaði milli sveitarfélaganna.

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn leggur áherslu á að greining á kostnaði, möguleikum til kostnaðarlækkana og skoðun á mismunandi leiðum til skiptingar á kostnaði milli sveitarfélaganna verði hraðað svo sem frekast er unnt, enda sé sú úrvinnsla forsenda fyrir undirbúningi á vettvangi stjórnar SSH að mótun tillögu að framtíðarfyrirkomulagi sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. samþykkt eigendafundar Strætó bs. frá 6. mars sl.

4. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og samgönguáætlun

- a) Fyrir lágu drög að bréfi til innanríkisráðherra þar sem óskað er eftir sérstökum fundi með ráðherra um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna samgönguhluta nýs svæðisskipulags, Borgarlínu.

Formanni falið að senda formlega beiðni um fund sbr. ofanritað.

- b) Samþykkt að stefna að formlegri undirritun og staðfestingu nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og nýrrar vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið mánudaginn 29. júní nk. Athöfnin verði í Höfða í boði borgarstjórnans í Reykjavík.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45.